VERKMENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

FAGMENNSKA - FJÖLBREYTNI - VIRÐING







LÍFIÐ Í VMA

LÍFIÐ Í VMA

Oft er sagt að framhaldsskólaárin séu bestu ár ævinnar. Þá finna nemendur oft sína hillu í lífinu og eignast vini fyrir lífstíð. Við hjá VMA viljum tryggja að svo verði með skemmtilegu námi og enn skemmtilegra félagslífi þannig að framhaldsskólaárin verði gefandi og eftirminnileg. Við tökum vel á móti nemendum á öllum aldri og af öllum kynjum. Við VMA ættu allir nemendur að geta fundið draumanámið sitt.

Nemendafélag VMA heitir Þórduna og sér um að halda uppi öflugu félagslífi í skólanum ásamt því að gæta hagsmuna nemenda. Þórduna heldur margvíslega viðburði, svo sem söngkeppnina Sturtuhausinn, nýnemahátíð, árshátíð, metakvöld o.fl. Einnig starfa í skólanum félög af ýmsum toga, eitt þeirra er Leikfélag VMA sem setur upp stóra leiksýningu á hverju skólaári. Hápunktur skólaársins er svo árshátíðin sem haldin er með glæsibrag á vorönn.





VILTU TENGJAST?

SJÁÐU HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG

Kíktu á rafis.is og kynntu þér málið



SAMSTAÐA
LÍFSGÆÐI
ÞJÓNUSTA

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS







NÁM SEM HENTAR ÞÉR

Í VMA er boðið upp á bók- og verknám og einnig geta nemendur lokið stúdentsprófi samhliða verknámi. Að námi loknu hafa nemendur ótal tækifæri, hvort sem þeir hyggja á frekara nám eða fara beint út á vinnumarkaðinn. VMA leggur áherslu á fjölbreyttar námsleiðir, bæði í bók- og verknámi, fjölþætta kennslu og mikinn stuðning við nemendur. Einnig er lögð áhersla á gott samstarf við atvinnulífið og að nemendur fái að spreyta sig við störf sem gagnast þeim vel að námi loknu. Nemendur heimsækja fyrirtæki og stofnanir, taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum og hafa möguleika á að sækja um skiptinám í útlöndum. Einkunnarorð skólans eru: Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing.

Sjá meira um námsleiðir okkar hér

Fagmennska
Fjölbreytni
Virðing



Rafræn ferilbók

Starfsréttindi

Meistaran




Viðbótarnám til stú



Iðn- og starfsnám



Nám til stúdentsprófs





Grunnskóli



vma.is



Nám til stúdentsprófs

Náttúruvísindabraut
Fjölgreinabraut
Félags- og hugvísindabraut
Íþrótta- og lýðheilsubraut
Listnáms- og hönnunarbraut
Viðskipta- og hagfræðibraut

Iðn- og starfsnám

Vélstjórn A-D réttindi
Vélvirkjun
Stálsmíði
Rafvirkjun
Rafeindavirkjun
Hársnyrtiiðn
Húsasmíði
Sjúkraliðabraut

Aðrar iðnnámsbrautir, ekki alltaf í boði


Kjötiðn • Pípulagningar • Múriðn
Málaraiðn • Blikksmíði
Matartæknanám • Bifvélavirkjun
Matreiðsla • Framreiðsla

Brautabrú - Brautabrú er ætluð nemendum sem eru óráðnir í námsvali eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla.

Starfsbraut - Námið er einstaklingsmiðað og geta áherslur og þátttaka í áföngum verið mismunandi á tímabilinu. Námið á brautinni er blanda af bóklegu og verklegu námi.

HITTU NEMENDURNA

VMA



Sveinn – viðskipta-og hagfræðibraut

"Félagslífið í VMA hefur verið mjög fjölbreytt enn það sem stendur upp úr eru söngvakeppnin og metakvöldin. Mér finnst skólinn ótrúlega næs og hæfilega stór, ég þekki marga en ekki alla. Eftir námið stefni ég á að flytja erlendis bæði til að sinna mínu áhugamáli sem eru hnefaleikar og líka til að fara í háskóla og þá helst í frumkvöðlafræði eða viðskiptafræði."

VMA



Ásta Sóley – rafeindavirkjun

"Mér finnst VMA skemmtilegur skóli og mikil virðing borin fyrir nemendum. Það er mikið meira frelsi í VMA en í grunnskóla. Námið er skemmtilegt og ég stefni á að fara í háskóla erlendis eftir brautskráningu í einhverskonar tækninám. Félagslífið hefur verið skemmtilegt og finnst mér fimmtudags-fílingur í löngu frímínútunum skemmtileg viðbót við skólalífið."

Slippurinn Akureyri
DNG by Slippurinn Akureyri
WWW.SLIPP.IS
SKANNAÐU **KÓÐANN** TIL AÐ SJÁ **KYNNINGARMYNDBÖND**
STOLTUR SAMSTARFSAÐILI VMA TIL FJÖLDA ÁRA
ÞÖKKUM SAMSTARFIÐ Á LIÐNUM ÁRUM

Ásborg



AVEITAN
ALHLIÐA PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
WWW.AVEITAN.IS

Gaman, erfitt, skemmtilegt


VMA



Þórdís – félags- og hugvísindabraut

”Mér finnst félagslífið hérna frábært og það sem mér finnst standa mest upp er hversu margir mæta á viðburði og taka þátt í félagslífinu hérna! Ég tel að námið muni nýtast mér eftir útskrift sem góður grunnur fyrir framtíðina og áframhaldandi nám. Ég stefni á að verða búfræðingur í náinni framtíð og ætla ég að sækja um í LBHÍ. Að vera nemandi í VMA er eins og hverjum öðrum skóla, gaman, erfitt, skemmtilegt, stressandi og ótrúlega lærdómsríkt.”

VMA



Kormákur - hársnyrtiiðn

”Mér finnst starf leikfélagsins standa upp úr í félagslífi skólans sérstaklega að það er svo margt í boði fyrir alla, ekki bara þá sem vilja standa á sviðinu. Ég stefni á að fara á samning í háriðn og ætla að nýta mér Erasmus+ styrk til að fara á samning í Svíþjóð. Almennt finnst mér VMA æði mér finnst frábært að geta lært það sem mér finnst skemmtilegt. VMA er frábær skóli.”

VMA



Jakobína - íþrótta- og lýðheilsubraut

”Ég hef stundað knattspyrnu samhliða skólanum og hefur það gengið mjög vel. Það er mikilvægt að vera vel skipulagður og nýta tímann vel. Ég hef notfært mér fjarnám og hefur það gefið mér svigrúm til að æfa meira og dreifa álaginu yfir vikuna. Það er mikilvægt að skólinn komi til móts við fjarveru mína vegna landsliðsferða og öðru slíku og hafa kennarar sýnt því góðan skilning og hef ég aldrei lent í neinum vandmálum varðandi það.”

VERKMENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI
FAGMENNSKA - FJÖLBREYTNI - VIRÐING

Hringteigi 2, 600 Akureyri
Sími 464 0300
vma@vma.is
www.vma.is

Síldarvinnslan hf
www.svn.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Búnaður, tæki og rekstrarvörur fyrir matvæla-, ferðaiðnað og heilbrigðisstofnanir

FROST
ÞEKKING, REYNSLA OG **GÓÐ ÞJÓNUSTA**
Kælismiðjan **Frost er traustur þjónustuaðili** á sviði **kæli- og frystilausna.** Við vinnum af fagmennsku og áreiðanleika með okkar viðskiptavinum, og leggjum áherslu á **grænar lausnir, öryggi** og **orkusparnað.**
Kælismiðjan Frost ehf. S: +354 464 9400 | frost@frost.is | *www.frost.is*

JS ÍSLAND – A part of JS Danmark • Concept: JS MEDIA TOOLS A/S • 150288 • www.jsdanmark.dk

RAFMENN
ORKA AÐ NORÐAN

Til þjónustu reiðubúin

Við hjá Rafmönnum erum ætíð til þjónustu reiðubúin og er það okkur mikið kappsmál að uppfylla þarfir og óskir viðskiptavina okkar á hverjum tíma.

Við bjóðum uppá alhliða þjónustu í heimilis- og fyrirtækjalögnum, öryggiskerfum, síma- og tölvulögnum, bilanagreining og viðgerðir á tækjum og tólum.



Frostagötu 6c • 603 Akureyri • Sími: 460-6000 • rafmenn@rafmenn.is • www.rafmenn.is